

# Lög

## um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum.

---

### 1. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. másl. 1. mgr. 6. gr., 1. másl. 4. mgr. 6. gr., 1. másl. 2. mgr. 7. gr. og 1. másl. 6. mgr. 7. gr. um greiðslu gjalds til sjóðsins eigi síðar en 1. mars ár hvert skal á árinu 2011 greiða gjaldið eigi síðar en 1. júní 2011.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 24. febrúar 2011.*

